Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 30.04.2020

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 29. apríl 2020 varðandi eftirfarandi mál.

**Suður Mjódd**
Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar vegna lóðarinnar nr. 12 við Skógarsel, íþróttasvæði ÍR. Í breytingunni felst að byggingarreitur íþróttahúss stækkar til suðvesturs um 16 metra, byggingareitur norðaustan minnkar um 18 metra auk þess stækkar byggingarreitur til suðausturs að bílastæðum um 7. metra, aðkoma frá Skógarseli norðaustan byggingarreits innan lóðar tengist bæði íþróttahúsi og knatthúsi með þjónustuaðkomu og afmörkun bílastæða til suðvesturs minnkar, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 1. apríl 2020.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 1. apríl 2020.

Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12–14
105 Reykjavík

# Deiliskipulag fyrir SUÐUR-MJÓDD - ÍR, Skógarsel og Árskógar - DEILISKIPULAGSBREYTING

**Gildandi deiliskipulag - Samþykkt 21. desember 2017 í borgarráði og auglýstu í B-deild Stjórnartíðinda 12.01.2018.**

**Deiliskipulagsuppdráttur** **M 1:1.500**

**TILLAGA**






A. Íþróttasvæði ÍR - Gildandi deiliskipulag




A. Íþróttasvæði ÍR - Breyting á deiliskipulagi - TILLAGA

## Gildandi deiliskipulag og skipulagsákvæði

Skógarsel 12 - íþróttasvæði ÍR

Í gildandi skilmálum fyrir lóðina við Skógarsel 12 eru skilgreindir byggingarreitir A1-A4 fyrir aðstöðuhús ÍR, knatthús, íþróttahús og stúka, A5 fyrir áhaldahús og A6-A7 fyrir mótshús og áhorfendastæði við frjálsíþróttarvöll.

Upphaflegt deiliskipulag var samþykkt í borgarráði 21.12.2010. Veruleg breyting var gerð á skipulagi fyrir Skógarsel, ÍR, Árskóga og Álfabakka. Byggingarreitur A1-A4 breytt þannig að stúkunni var snúið og skilgreindur byggingarreitur fyrir hálft knatthús. Skilmálar fyrir íþróttahús voru óbreyttir.

Deilskipulagsbreytingin var samþykkt 21.12.2017 og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 12.01.2018.

## Breyting á deiliskipulag og skipulagsákvæði

Skógarsel 12 - íþróttasvæði ÍR

Byggingarreitur A1-A4 nær til nokkurra bygginga sem tengjast saman. Búið er að reisa knatthús í samræmi við gildandi deiliskipulag og við nánari skoðun á innra skipulagi og tengingum bygginga við fyrirhugað íþróttahús, þarf að breyta byggingarreit íþróttarhúsins.

Breyting felur í sér eftirfarandi breytingar:

1. Byggingarreitur íþróttahúss stækkar til suðvesturs um 16 metra, byggingareitur norðaustan minnkar um 18 metra. Auk þess stækkar byggingarreitur til suðausturs að bílastæðum um 7 metra.
2. Aðkoma frá Skógarseli norðaustan byggingarteits innan lóðar tengist bæði íþróttahúsi og knatthúsi með þjónustuaðkomu.
3. Afmörkun bílastæða til suðvesturs minnkar.

Allir aðrir skilmálar eru óbreyttir

## SKÝRINGAR

Mannvirki, stígar og útvistarsvæði

- Mörk skipulags
- Skipulagssvæði
- Núverandi bygging
- Nýbyggingar
- Byggingarreitur
- Byggingarreitur kjallari/bílageymsla
- Lóð
- 239.400 m² — Lóðarstærð
- Opið útivistarsvæði
- Fótboltavöllur, S1, S2
- Frjálsíþróttavöllur - S4
- A, B, H, Þ, V og ÍB — Notkun sbr. greinargerð
- 4h, 2kj — Fjöldi hæða
- Hljóðvist - manir / veggir
- Kvaðir - lagnir Veitna um skipulagssvæðið
- Ár, lækir og vatn
- 1 — Húsnúmer

Samgöngur og miðlunartjörn

- Götur
- Vistgata - 30 km svæði
- Aðalstígur
- 100 st — Bílastæði
- Þjónustuaðkoma og kvöð um akstur
- Kvöð um háspennustreng frá Veitum
- Afmörkun reitar fyrir miðlunartjörn

Deiliskipulagbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á

________________________ þann til

______ 20___.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i.f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

______ 20___.

____________________________




**Reykjavíkurborg**
Skipulagsfulltrúi

**SUÐUR-MJÓDD - ÍR, Skógarsel og Árskógar**
**Deiliskipulagsbreyting - Álfabakki 2a-d**

| Mælikvarði | | Hannað | Teikning nr. |
|---|---|---|---|
| 1:1.500 | | HGG | dsk-101_01 |
| Dagsetning | Breyting | Teiknað | Blaðstærð |
| 1. apríl 2020 | E | HGG | A1 |

Teiknistofan STORÐ


**Hermann Georg Gunnlaugsson**
**landslagsarkitekt FÍLA**
Laugavegi 168 - 105 Reykjavík
511 1820 - 862 1642
netfang: tstord@tstord.is
veffang: www.tstord.is


TEIKNINGU ÞESSA MÁ EKKI AFRITA MEÐ NEINUM HÆTTI, AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ÁN SKRIFLEGS LEYFIS HÖFUNDAR

Útprentun: 7. apríl 2020

Vistað: 7. apríl 2020, 10:35

Skrá: T:\Gogn\arkiv\0060_RVK\S-60\Skogarsel_12\gogn\Skogarsel_12_IR_dsk_br_E